

# Tilkynning

frá Klínískri lífefnafræðideild Landspítala<sup>1</sup>, Rannsóknadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri<sup>2</sup>, Rannsóknastofu sjúkrahúss Akraness<sup>3</sup>, Rannsóknastofu heilbrigðisstofnunar Suðurlands<sup>4</sup>, Rannsóknastofu heilbrigðisstofnunar Suðurnesja<sup>5</sup>, Rannsóknadeild heilbrigðisstofnunar Þingeyinga<sup>6</sup>, Rannsóknastofunni í Domus Medica<sup>7</sup>, Blóðrannsóknastofunni í Glæsibæ<sup>8</sup>, Klínískri lífefnafræðistofu Hjartaverndar<sup>9</sup>, Rannsóknastofunni í Mjódd<sup>10</sup>

## Breyting á viðmiðunarmörkum í klínískri lífefnafræði frá 1. nóvember 2005

Undanfarin ár hefur verið unnið að því verkefni á vegum Norrænu meinafræðisamtakanna (NFKK, Nordisk förening för klinisk kemi) að skilgreina og innleiða samnorran viðmiðunarmörk fyrir 25 algengustu rannsóknir í klínískri lífefnafræði hjá fullorðnum. Rannsóknastofur á Norðurlöndum, alls 102, tóku þátt í verkefninu, þar af þrjár á Íslandi. Alls voru mæld sýni frá 3036 manns 18 ára og eldri. Á hinum Norðurlöndunum hafa nýju viðmiðunarmörkin verið tekin í notkun. Þau eru svipuð þeim eldri nema fyrir þrjú ensím sem eru alkalískir fosfatasar (ALP), amýlasar

Mæling	Ný samnorran viðmiðunarmörk	Eldri viðmiðunarmörk á LSH	Einingar
S-ALP	35-105	50-300	U/L
S-Amýlasi	25-120	126-400	U/L
S-Amýlasi frá brisi	10-65		U/L
S-LD	105-205	240-480	U/L

og laktat dehydrogenasi (LD). Samtímis verður breytt um aðferðir fyrir þessi ensím samkvæmt tilögum IFCC (International Federation of Clinical Chemistry). Breytingarnar leiða til þess að niðurstöður úr þessum ensímmælingum lækka mikið eins og sést í töflunni. Nánari upplýsingar fást hjá undirrituðum og á slóðinni: [www.furst.no/norip/](http://www.furst.no/norip/)

Ingunn Þorsteinsdóttir læknir<sup>1,4</sup>, Ísleifur Ólafsson yfirlæknir<sup>1,5</sup>, Vigfús Þorsteinsson yfirlæknir<sup>2,6</sup>, Þorvaldur Veigar Guðmundsson læknir<sup>3</sup>, Matthías Kjeld læknir<sup>7</sup>, Sturla Arinbjarnarson læknir<sup>8</sup>, Elín Ólafsdóttir yfirlæknir<sup>9</sup>, Leifur Franzson lyfjafræðingur<sup>10</sup>

Dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 6/2005

## Tilkynning frá sóttvarnalækni

Nýjar leiðbeiningar um greiningu og meðferð höfuðlúsarsmits

**Til: Yfirlækna og hjúkrunarforstjóra/-stjóra heilsugæslustöðva, heimilislækna, skólastjóra grunnskóla, leikskólastjóra**

Sóttvarnalæknir vill vekja athygli á hjálögðum leiðbeiningum um meðferð við höfuðlúsasmiti en þær hafa verið endurskoðaðar. Hægt er að nálgast þær á heimasíðu Landlæknisembættisins [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) undir efnisflokknum sóttvarnir/smitsjúkdómar.

Í leiðbeiningunum er meðal annars mælt með tveggja vikna meðferð sem felst í vandaðri kembingu í að minnsta kosti fimm skipti og notkun lúsadrepanði efnis í ísóprópýlalkóhóllausn sem sett er í hárið tvisvar sinnum með viku millibili.

Mínnt er á að frá árinu 1999 hefur höfuðlús verið skráningarskyldur sjúkdómur og því er skylt að senda sóttvarnalækni skýrslu um fjölda höfuðlúsatilfella einu sinni í mánuði.

Seltjarnarnesi, 3. október 2005  
Sóttvarnalæknir

## Endurskoðun vinnureglna við útgáfu lyfjaskírteina

UMFANGSMIKIL endurskoðun og samræming hefur átt sér stað á vinnureglunum á síðustu mánuðum. Á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins [www.tr.is](http://www.tr.is) undir krækjunni [lyfjamál](#) má finna algengustu vinnureglurnar. Nokkrar þeirra eru enn í vinnslu og munu þær birtast á heimasíðunni um leið og þær eru tilbúnar. Nánari upplýsingar veitir Guðrún I. Gylfadóttir, lyfjafræðingur.

Læknir sækir um lyfjaskírteini á þartilgerðum vottorðum sem eru á heimasíðu TR, sjúkdómsgreining og/eða sjúkrasaga er alltaf forsenda fyrir útgáfu lyfjaskírteinis.

Tryggingastofnun hefur heimild til útgáfu lyfjaskírteina skv. 12. gr. reglugerðar nr. 458/2005 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði. Í samræmi við reglugerðina hefur TR sett sér vinnureglur þar sem meðal annars koma fram skilyrði fyrir samþykki/útgáfu lyfjaskírteinis og gildistími þeirra. Um er að ræða almenna vinnureglu og sértækar vinnureglur er taka til ákveðinna lyfja, lyfjaflokka eða sjúkdóma.